Aðalfundur 16 apríl 1992.

Lög félagsins:

1gr Félagið heitir Ungmennafélagið Dögun.
Félagssvæðið er Fellsströnd og Hvammssveit.

2gr Félagið hefur bindindi um nautn áfengra drykkja og starfar samkvæmt eftirfarandi stefnuskrá:

a) Að temja sér að beita starfskröftum sínum í félagi.
b) Að vekja virðingu einstaklinga fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.
c) Að efla hvers konar íþróttastarfsemi.
d) Að viðhalda og efla skemmtana- og félagslíf á félagssvæðinu.
e) Að vinna að útrýmingu skaðlegra nautna úr landinu.
f) Að beita áhrifum sínum til hvers konar menningarstarfsemi.
g) Að vernda og virða náttúru og gróður landsins.

3gr Allir, án tillits til aldurs, geta orðið félagar.

4gr. Á fundum félagsins ræður afl atkvæða, nema um lagabreytingu sé að ræða. Þá þurfa 3/4 hlutar fundarmanna að vera breytingum samþykkir, til þess að þær öðlist gildi.

5.gr. Aðalfundur skal haldinn um páska ár hvert. Skal þá kjósa 3 menn í stjórn félagsins: Formann, Ritara, Gjaldkera og aðra 3 til vara.
Þá skal einnig kjósa í aðrar nefndir félagsins

svo og endurskoðanda. Skulu þeir allir kosnir til eins árs í senn.

6. gr. Nefndir skal kjósa eða skipa, þegar viðfangsefni félagsins gefa tilefni til sérstakra athugunar. Skulu þær ávallt hafa ákveðinn tíma til starfs síns og skila áliti að því loknu.

7 gr. Kjörgengir í stjórn félagsins eru allir löglegir félagar 14 ára og eldri.

8 gr. Stjórnin hefur á hendi umsjá með allri starfsemi félagsins. Skal hún halda með sér fund, ef einhver stjórnarnefndarmaður óskar og taka ákvarðanir um fyrirkomulag funda og aðr. starfsemi félagsins eftir því sem hægt er.

9 gr. Formaður: Hefur í hendi sér æðsta framkvæmdarvald í félaginu og kemur fram sem fulltrúi þess út á við, nema öðruvísi sé ákveðið. Hann skal og boða til stjórnarfunda og stýra þeim.

Ritari: Haldi gjörðabók, þar sem í skulu færðar fundargjörðir og skýrslur um störf félagsins.

Gjaldkeri: Innheimti gjöld til félagsins, greiðir reikninga félagsins og heldur bók yfir efnahag, tekjur og útgjöld. Reikningsár félagsins er milli aðalfunda.
Stjórnin skal á hverjum aðalfundi leggja fram skýrslur um störf og efnahag félagsins.

10 gr. Ársgjald félagsins skal ákvarða á aðalfundi fyrir hvert ár í senn. Félagar 16 ára og eldri greiði hærra gjald og félagar 12-15 ára lægra gjald. Félagar yngri en 12 ára greiði ekki ársgjald og hafa ekki kosningarrétt. 12 ára og eldri hafa kosningarétt.

11 gr. Félagar innan U.M.F.Í. hafa aðgang að fundum félagsins, málfrelsi og tillögurétt.

12 gr. Nýir félagar geta gengið í félagið hvenær sem er, en þurfa að samþykkja inn á næsta aðalfundi. Úrsögn þarf að samþykkja á aðalfundi.

13 gr. Lög félagsins skulu innfærð í gjörðabók þess á 5 ára fresti og undirrituð af félagsmönnum á aðalfundi.

14 gr. Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi.

15 gr. Lög þessi öðlast gildi þegar þau eru samþykkt á aðalfundi.

Staðarfelli 16-04 '92.

Þuríður J Sigurðard. Lyngbrekku.
Sigrún Halldórsdóttir, Breiðabólsstað
Júlíus Baldursson, Hóli
Erna Einarsdóttir Kvennahóli
~~Steinunn Helga Halldórsdóttir~~, Breiðabólsstað
Hrefna Ingibergsdóttir Valþúfu
Hólmfríður Pétursdóttir Valþúfu
Inga Heiða Halldórsdóttir Breiðabólsstað

| | |
|---|---|
| Helga Dóra Rúnarsdóttir | Valþúfu |
| Dagný Ósk Halldórsdóttir | Magnússkógu |
| Sólrún Björk Rúnarsd. | Valþúfu. |
| Ragnheiður Elva Rúnarsdóttir | Valþúfu |
| Rúnar Jónsson | Valþúfu |
| Sigrún Hanna Sigurðard. | Lyngbrekku. |
| Anna Kristín Sveinsdóttir. | Staðarfelli. |
| Friðjón Guðmundsson | Svínaskógi. |
| Jóhanna B. Jóhannsdóttir. | Magnússkógar |